

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Gjaldskylda.

Hrunamannahreppur innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald, gjald fyrir hreinsun rotþróa og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug \leq 150 mm	kr. 242.818
Heimtaug 151 - 200 mm	kr. 259.224
Heimtaug 201 - 250 mm	kr. 274.537

Gjöld vegna heimtauga $>$ 250 mm eru reiknuð út sérstaklega.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Hrunamannahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,25% af fasteignamati viðkomandi fasteignar þó að hámarki kr. 61.000 fyrir hverja íbúð og kr. 237.000 vegna atvinnuhúsnæðis.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 18. gr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Hrunamannahreppi.

Árlegt rotþróargjald á íbúðar- og sumarhús þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 10.500

Gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur eða fyrirtæki sem kaupa árlega hreinsun skal vera eftirfarandi fyrir hvert skipti á hverja rotþró:

Rotþró 0 - 6.000 lítra kr. 28.950

Rotþró 6.001 lítra og stærri kr. 4.666 pr./m³

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.493.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunar- og móttökuaðila.

5. gr.

Gjalddagar.

a) *Stofngjald fráveitu:* Gjaldldagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

- b) *Fráveitu- og rotþróargjald:* Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í veitustjórn Hrunamannahrepps þann 1. nóvember 2021 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 4. nóvember 2021, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 1416/2020.

Hrunamannahreppi, 3. desember 2021.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2021